

Stjórn FG

## Ályktun um innra starf og félagsmál

### *Verkefnalisti trúnaðarmanna FG*

Þriðji aðalfundur Félags grunnskólakennara bendir á að ákvæði um trúnaðarmenn er að finna í lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum Kennarasambands Íslands

Fundurinn samþykkir að á eftirfarandi lista sé að finna verkefni sem trúnaðarmenn geta þurft að sinna:

1. Kynna á sínum vinnustað trúnaðarmannabréf og auglýsingar frá Félagi grunnskólakennara, stjórnnum svæðafélaga og Kennarasambandi Íslands.
2. Veita kennurum ráðgjöf og leiðbeinandi upplýsingar varðandi kjarasamninginn og réttindi og skyldur.
3. Taka þátt í námskeiðum og fundum sem stjórn FG skipuleggur.
4. Funda með stjórn svæðafélags FG.
5. Veita FG, ef óskað er, upplýsingar um skipulag skólastarfs.
6. Vera áheyrandi að starfsmannasamtölum óski viðkomandi kennari eftir því.
7. Vera í viðeigandi samstarfi við skólastjórnendur um að farið sé eftir reglum kjarasamnings og handbókar í því efni.
8. Veita, eftir því sem við á, umsögn um ákvarðanir skólastjórnenda varðandi skipulag skólastarfsins, t.d. skóladagatala.
9. Veita, eftir því sem við á, umsögn til skólastjóra vegna endurmenntunaráætlunar skóla.
10. Eiga samstarf við öryggistrúnaðarmann um eftirlit með aðbúnaði og öryggi á vinnustað.
11. Í vinnudeilu starfa trúnaðarmenn eftir verklagsreglum sem stjórn FG setur.